RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Traustí Hafsteinsson
Kt. 0101663229
Dags. 18.8.2022 16:22:48
Ástæða: Undirritun
RAFRÆNT INNSIGLAÐ
Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs.
Dags. 22.8.2022 12:53:08
Ástæða: Samþykkt byggingarfulltrúa 11.08.2022.

Byggingalýsing

Sandskeið 9-5 • Sumarhús

Í landi Miðfells í Bláskógabyggð

Landnúmer: **L170642**
Staðgreinir: **8721-5-37000030**

Brúttóstærðir	**m²**	**m³**
- Mhl. 01: Aðalhús	92.4	314.2
- Mhl. 02: Kalt gesthús	35.3	101.8
- Samtals	127.7	416.0
- Stærð lóðar	5000	
- Nýtingarhlutfall	0.026	
- Bílastæði á lóð	2 stk	

- Sjá nánar skráningartöflur á teikningu A02.

Lóðaskilmálar
- Um er að ræða 5000m² eignarlóð ætlaða fyrir frístundahús skv. deiliskipulagi fyrir Sandskeið úr landi Miðfells í Bláskógabyggð.
- Deiliskipulagsuppdráttur og greinargerð þeim fylgjandi var samþykkt í sveitarstjórn Bláskógabyggðar 9. maí 2019.
- Búið er að afmarka lóð með lágri opinni netgirðingu, en engin mannvirki hafa verið reist.
- Skv. skipulagsgreinargerð er heimilt að byggja allt að 100m² aðalhús og allt að 40m² gesthús innan byggingarreits, sem hefst 10m frá lóðarmörkum á allar hliðar.
- Landeigandi hyggst nú reisa mannvirki á lóðinni í samræmi við samþykkt skipulag, ákvæði byggingarreglugerðar og aðaluppdrætti þessa merkta A01 til A03.

Almennt
- Auðkenni um staðsetningu frístundahúss sem gefa má upp til neyðarlínu skal vera utandyra á útvegg.
- Sorpi skal skilað skv. reglum sveitarfélags hverju sinni.

- Talsverður hæðarmunur er í núverandi landi og byggir valinn gólfkóti beggja húsa á nýrri innmælingu á raunlandhæðum. Uppgefnar landhæðir á lóðahornum og viðar (merktar L~ á afstöðumynd) byggja á nálægu fastmerki Landmælinga Íslands í Ísnet 2004 hæðakerfinu.

- Í framhaldi af eða samhliða byggingu húsa verður gengið frá sólpöllum, útitröppum, heitum potti, rotþró og bílastæðum fyrir 2 bíla með keyrsluhæfri tengingu inn á núverandi aðkomugötu að lóð sbr. afstöðumynd þessa. Vegna hæðarmunar í landi þarf að koma fyrir útitröppum með millipalli frá bílastæði upp að aðalhúsi. Útfærsla trappa, handriða á/við tröppur og við sólpall verður í fullri samræmi við öll viðeigandi ákvæði byggingarreglugerðar. Sjá nánar sólpalla, tröppur og handrið á útlitsmyndum.

- Fyrir utan aðkomu að lóð, gerð bílastæða, gerð hússtæða og sólpalla næst húsum verður raski á lóð haldið í lágmarki. Meginhluti núverandi yfirborðs lóðar verður m.ö.o. óhreyft. Þar sem eitthvert rask verður á lóðarmörkum verður það unnið í samráði viðkomandi lóðarhafa.

Aðalhús
- Til stendur að staðbyggja 92.4m² aðalhús merkt sem matshluti 01 í skráningartöflu og á grunnmynd.
- Um er að ræða létt timburhús á súluundirstöðum og með flötu pappaklæddu (tveggja laga bræðslupappi) vatnshallþaki.
- Útveggir verða klæddir aluzinkbáru, að meginstofni ólitaðri, en einnig að hluta dökkgrænni.
- Gluggar verða hvítir álklæddir timburgluggar og útihurðir álhurðir í sama lit.
- Óberandi, léttir innveggir verða byggðir upp með timburgrind, hljóðeinangraðri með steinull.
- Lárétt niðurtekið loft verður gipsklætt, veggklæðningar innanhúss verða í flokki 1 eða 2 eftir atvikum.
- Hjúpfletir húss verða einangraðir með steinull, þak og gólf með 220mm þakull (27kg/m³) og veggir með 145mm þéttull (30kg/m³).
- Loftun láréttrar aluzinkbáruklæðningar útveggja er lárétt gegnum opnar bárur á öllum plötuskilum. Því til viðbótar kemur lóðrétt loftun gegnum 28mm bil sem lóðréttir festilistar ¢600mm undir báru mynda, við jörðu er opið út gegnum sigatað meindýranet og við þak gegnum þakbrúnaflasningu sem er hleypt frá báruklæðningu til að tryggja loftun.
- Loftunarbil í sperrubilum ¢600 milli þakklæðningar og þakeinangrunar er 30mm. Sperrubil eru opin yfir útveggi út í 28mm loftunarbil veggklæðningar bak við aluzinkbáru, útfært með masonitklæðningu með vatnshalla út ofan á veggjum og flugnaneti áður en komið er inn í loftunarbil útveggjaklæðningar. Þannig verður loftun hvers sperrubils í hvorum enda vel yfir lágmarkskröfum, eða u.þ.b. 500x20=10.000mm².
- Öryggisgler (merkt ÖG á útlitsmyndum) kemur alls staðar þar sem einangrunargler nær niður að gólffleti.
- Upphitað aðalhús stenst að öllu leyti orkubúskapskröfur byggingarreglugerðar, sbr. orkurammaútreikninga á teikningu A02.

Kalt gesthús
- Gesthús verður ekki upphitað að staðaldri, verður almennt kalt óupphitað alrými auk baðherbergis og forrýmis.
- Gesthús, 35,3m², verður flutt tilbúið á verkstað og er merkt matshluti 02 í skráningartöflu og á grunnmynd.
- Í grunninn er um að ræða innflutt bjálkahús frá Húsasmiðjunni sem búið er að loka að framanverðu með nýju forrými. Samhliða endurbótum voru húsveggir einangraðir að utanverðu og klæddir láréttri vatnsklæðningu. Trégluggum og útihurðum var einnig skipt út.
- Þak er 18.9° skúrþak, klætt aluzink-báruklæðningu.
- Litaval ytra byrðis mun líkja eftir aðalhúsi.
- Hjúpfletir eru einangraðir með þéttull (30kg/m³), þak með 150mm, veggir með 75mm (+ 70mm bjálkar) og gólf með 125mm.
- Kalt gesthús stenst orkubúskapskröfur byggingarreglugerðar, sbr. orkurammaútreikninga á teikningu A02 utan hvað "Krafa/Raun" lendir 4% undir 1,0 kröfu. Þar sem gesthús er almennt ekki upphitað kemur þetta lítið við heildarorkubúskað mannvirkja á lóðinni.

Brunavarnir
- Bæði hús falla undir notkunarflokk 3, skv. 9.1.3 gr. byggingarreglugerðar, þ.e. mannvirki þar sem gert er ráð fyrir að fólk gisti og þekki og kunni að nýta sér flóttaleiðir.
- Loftaklæðning í aðalhúsi verður 13mm gipsplötur, veggklæðningar verða eftir atvikum í flokki 1 eða 2, sléttar gipsplötur eða spónaplötur og/eða fasaðar panelklæðningar
- Kamína í aðalhúsi mun hvíla á eldföstum flísum. Reykrör frá kamínu mun ganga út um útvegg á eldtraustan hátt (einangrað með steinull) og mun tengjast þar inn á reykrör úr sýruþolnu ryðfríu stáli, slitnu frá húsu, sem leiðir reyk vel upp fyrir þak. Frágangur mun að öllu leyti uppfylla ákvæði greina 9.6.5. "Eldstæði" og 9.6.6. "Reykháfar" í byggingarreglugerð.
- Hvert hús fyrir sig er sérstakt brunahólf.
- Reykskynjarar (RS) verða í öllum svefnherbergjum og einnig í alrýmum.
- Slökkvitæki (ST) verða við innganga og eldvarnarteppi (ET) við eldunaraðstöðu.
- Björgunarop (BO), sem uppfylla stærðarkröfur byggingarreglugerðar, verða í öllum svefnherbergjum. Aðrar flóttleiðir eru dyr út undir bert loft.
- Aðkoma slökkviliðs er ekki skilgreind og er því væntanlega skv. viðbragðsáætlun slökkviliðs.
- Öflun slökkvivatns skal tryggð af sveitarfélagi skv. lögum um brunavarnir.

Burðarvirki
- Aðalhús verður staðbyggt timburhús með flötu sperruþaki (með vatshalla), sem hvíla mun á berandi veggjagrindum, sem aftur munu hvíla á gólfbitum og tvöföldum burðarbitum undir þeim sem færa álag yfir í staðsteyptar súluundirstöður. Allir burðarviðir verða úr 45mm þykku styrkleikaflokkuðu efni. Ytri klæðning verður 9mm grenikrossviður til utanhússnota, þakklæðning undir tvöfalt bræðslupappakerfi verður 18mm OSB/3.
- Gesthús verður flutt í heilu lagi á verkstað og grundað á steyptum súlum/plötum sem aftur hvíla á þjöppuðum púða úr burðarhæfu, frostfríu fyllingarefni. Húsið sjálft er sjálfberandi, innflutt bjálkahús í grunninn, bjálkar semtengdir með gegnumgangandi snittteinum.

Lagnakerfi
- Skolp (svartvatn) frá salernum, eldhúsvaski og þvottahúsvaski verður leitt í rotþró innan lóðar, frágangur verður skv. reglugerð nr. 798/1999, deiliskipulagsskilmála og hliðsjón verður höfð af leiðbeiningum Heilbrigðisnefndar Suðurlands um hreinsun fráveitu frá stakstæðum húsum á verndarsvæði Þingvallavatns.
- Annað skolp (grávatn) frá t.d. sturtum, heitum potti o.þ.h. verður leitt í jöfnunarbrunn og þaðan í dreifilögn í jarðveg.
- Regnvatn frá þökum verður ekki fráveitutengt heldur verður eingöngu beint frá húsum í jarðveg.
- Fjarlægð lóðar frá vatnsbakka er mikil (langt yfir 50m), jarðvegur í fyrirhuguðu rotþróarstæði er djúpur (verður staðsett í dæld í lágpunkti lóðar) og ágætis viðtaki, langt er niður á grunnvatn og landrými er mikið. Aðgengi að rotþró til tæmingar verður gott. Með hliðsjón af framantöldu er valið að hreinsa skolp (svartvatn) með 3000 lítra þriggja hólfa rotþró (tveggja þrepa hreinsun) áður en það er leitt í nálæga siturlögn.
- Borað verður eftir köldu vatni innan lóðar og leitt í hús, þar verður síðan heitt neysluvatn fengið gegnum rafmagnshitakút.
- Rafmagn á lóðarmörkum verður tekið inn í hús. Auk hefðbundinnar smáspennunýtingar (lýsingu og tengla) verður rafmagn nýtt við hitun neysluvatns og hitun húsnæðis.
- Loftræsing verður handvirk um opnanleg gluggafög.
- Öll lagnakerfi verða hönnuð og útfærð þannig að þau uppfylli kröfur staðla, byggingarreglugerðar og annarra viðeigandi reglugerða.

Verk **Sandskeið 9 - 5 • Sumarhús** **Í landi Miðfells í Bláskógabyggð** **Afstöðumynd** **Byggingalýsing**			*Verk nr.* 2106
			Dagsetning 16. ágúst 2022
			Kvarði 1:500
Hannað TH	*Teiknað* TH	*Yfirfarið* TH	*Kemur í stað* / *Víkur fyrir*
Versa Verkfræðistofa — Ármúla 32, 108 Reykjavík, Sími: 534 2710, Gsm: 820 0511, Netfang: versa@versa.is			*Teikning nr.* **A01** *Útgáfa* **A**
Samþykkt 010166-3229	*Hönnunarstjóri* 010166-3229		



G01 Grunnmynd
1:100 Mhl. 01: Aðalhús



01 Höfuðsnið
1:100 Aðalhús



G02 Grunnmynd
1:100 Mhl. 02: Kalt gestahús



02 Höfuðsnið
1:100 Kalt gestahús



V Aðalhús - Útlit
1:100 Vesturhlið



N Aðalhús - Útlit
1:100 Norðurhlið



A Aðalhús - Útlit
1:100 Austurhlið



S Aðalhús - Útlit
1:100 Suðurhlið



V Kalt gestahús - Útlit
1:100 Vesturhlið

N Kalt gestahús - Útlit
1:100 Norðurhlið



A Kalt gestahús - Útlit
1:100 Austurhlið

S Kalt gestahús - Útlit
1:100 Suðurhlið

TAFLA 1 ORKURAMMI

Byggingarhluti	Lýsing	Flatarmál A (m²)	U W/(m² K)	U·A W/K
Þak	Timburþak, 220mm ein.	92,4	0,20	18,48
Steyptir veggir	Á ekki við	0,0	0,40	0
Léttir veggir	Timburv., 145mm ein.	99,2	0,30	29,76
Gólf	Timburgólf, 220mm ein	92,4	0,30	27,72
Gluggar/Hurðir	Áklæddir trégl. m. sl. kuldab.	42,4	2,00	85
	Orkurammi	Σ U·A		161

Yfirlit
Orkubúskn
Leiðbeinir

OR Orkurammi
1:1 Mhl. 01: Aðalhús

TAFLA 2 RAUNTAP GEGNUM HIÚP OG BOTNPLÖTU

Byggingarhluti	Lýsing	Flatarmál A (m²)	U W/(m² K)	U·A W/K	Einangrunarþ. mm
Þak	Timburþak, 220mm ein.	92,4	0,19	18	**220**
Steyptir veggir	Á ekki við	0,0	0,40	0	**86**
Léttir veggir	Timburv., 145mm ein.	99,2	0,28	28	**145**
Gólf	Timburgólf, 220mm ein	92,4	0,20	8	**0**
Gluggar		36,8	1,70	63	
Hurðir		5,6	1,66	9	
	Rauntap	Σ U·A		**125**	

TAFLA 3 TAP GEGNUM KULDABRÝR

Kuldabrýr	Lengd L	ψ(W/mK)	ψ·L (W/K)
Loðréttar kuldabrýr við úthorn	0,0	0,04	0,00
Láréttar kuldabrýr við plötuskil	0,0	0,83	0,00
Loðréttar kuldabrýr við útvegg/innvegg	0,0	0,83	0,00
Kuldabrýr við svalir	0,0	0,83	0,00
Kuldabrýr útstigi-útveggur	0,0	0,60	0,00
Kuldabrýr við glugga	0,0	0,04	0,00
Kuldabrýr við hurðir	0,0	0,04	0,00
Sökkull undir útvegg	0,0	0,48	0,00
Sökkull undir innvegg	0,0	0,46	0,00
Aðrar			0,00
	Kuldabrýr	Σ ψ·L	**0,0**

ORKURAMMI (Tafla 1)		**161**	Krafa
RAUNTAP GEGNUM HIÚP OG BOTNPLÖTU (Tafla 2)	125		
TAP GEGNUM KULDABRÝR (Tafla 3)	0		
Tafla 2+3	**125**	Raun	
Er Krafa/Raun>1,0 ?	1,28	Í lagi	

Grein 13.2.4			**U- gildi gluggagerða**
Leiðnitap á fermetra gólfs þr. °C	**1,36**	W/m² °C	Fast gler 1,10
Grein 13.3.2			Opnanlegt fag 1,90
Útveggir, vegið meðaltal	**0,70**	Í lagi	

TAFLA 1 ORKURAMMI

Byggingarhluti	Lýsing	Flatarmál A (m²)	U W/(m² K)	U·A W/K
Þak	Sperruþak, ein. á milli	37,3	0,20	7,46
Steyptir veggir	Á ekki við	0,0	0,40	0
Léttir veggir	Bjálkav., ein utaná	51,0	0,30	15,3
Gólf	Timburgólf, ein. milli gólfb.	35,3	0,30	10,59
Gluggar/Hurðir	Trégluggar og -hurðir	9,2	2,00	18
	Orkurammi	Σ U·A		**52**

Yfirlit
Orkubúskn
Leiðbeinir

OR Orkurammi
1:1 Mhl. 02: Kalt gestahús

TAFLA 2 RAUNTAP GEGNUM HIÚP OG BOTNPLÖTU

Byggingarhluti	Lýsing	Flatarmál A (m²)	U W/(m² K)	U·A W/K	Einangrunarþ. mm
Þak	Sperruþak, ein. á milli	37,3	0,27	10	**150**
Steyptir veggir	Á ekki við	0,0	0,40	0	**86**
Léttir veggir	Bjálkav., ein utaná	51,0	0,46	24	**75**
Gólf	Timburgólf, ein. milli gólfb.	35,3	0,29	4	**0**
Gluggar		7,2	1,70	12	
Hurðir		2,0	1,66	3	
	Rauntap	Σ U·A		**54**	

TAFLA 3 TAP GEGNUM KULDABRÝR

Kuldabrýr	Lengd L	ψ(W/mK)	ψ·L (W/K)
Loðréttar kuldabrýr við úthorn	0,0	0,04	0,00
Láréttar kuldabrýr við plötuskil	0,0	0,83	0,00
Loðréttar kuldabrýr við útvegg/innvegg	0,0	0,83	0,00
Kuldabrýr við svalir	0,0	0,83	0,00
Kuldabrýr útstigi-útveggur	0,0	0,60	0,00
Kuldabrýr við glugga	0,0	0,04	0,00
Kuldabrýr við hurðir	0,0	0,04	0,00
Sökkull undir útvegg	0,0	0,48	0,00
Sökkull undir innvegg	0,0	0,46	0,00
Aðrar	0,0		0,00
	Kuldabrýr	Σ ψ·L	**0,0**

ORKURAMMI (Tafla 1)		**52**	Krafa
RAUNTAP GEGNUM HIÚP OG BOTNPLÖTU (Tafla 2)	54		
TAP GEGNUM KULDABRÝR (Tafla 3)	0		
Tafla 2+3	**54**	Raun	
Er Krafa/Raun>1,0 ?	0,96	Ekki í lagi !	

Grein 13.2.4			**U- gildi gluggagerða**
Leiðnitap á fermetra gólfs þr. °C	**1,52**	W/m² °C	Fast gler 1,10
Grein 13.3.2			Opnanlegt fag 1,90
Útveggir, vegið meðaltal	**0,65**	Í lagi	

Skráningartafla: Sandskeið 9-5 - Sumarhús
Landeignanúmer: L170642
Matshlutanúmer: 01
Skrásetjari: Trausti Hafsteinsson
Kennitala: 010166-3229
Dags.: 10.6.2022
Prenta
Útgáfa 5.00

Uppskipting og lýsing					Stærðir													
D0	D1	D2	D3	D4	D5	D5M	D6	D7	D8	D9	D10a	D10b	D11	D12	D13	D14	D15
Lokun	Rými hæð-róð	Notkun texti	Höfuð-flokkun	Eignar-hald	Bótafloturmf	Millifloturmf	Stigarmf	Opmf	Brúttófloturmf	Brúttóflotursh < 1,8	Salarhæðmin	Salarhæðmax	Brúttó rúmmál m³	Nettófloturmf	Birt flatarmálmf	Reiknisala skiptarúmmáls	Skipta-rúmmál m³
		Matshluti			92,4	0,0	0,0	0,0	92,4	0,0			314,2	77,8	92,4		248,960
		Botn											18,5				
	01	**1. Hæð**			92,4	0,0	0,0	0,0	92,4	0,0			295,7	77,8	92,4		
A	0101	**Sumarhús**	N	0101	92,4				92,4		3,00	3,40	295,7	77,8	92,4	3,20	248,960
B	0102	**Útiskyggni**	U	0101	9,5				9,5		3,00	3,00					

Athugasemdir

Sameignir sumra

Eignar-hald	Notkun texti	Y-eignarhald	Notkun texti	Rekni-regla	Eignarhlutur

Skiptarúmmál				
Eignar-hald	Notkun texti	Birt flatarmál m²	Séreign m² án sameignar	Séreign og sameign m²
0101	**Sumarhús**	92,4	248,960	248,960
	Alls	**92,4**	248,960	**248,960**

ST Skráningartafla
1:1 Mhl. 01: Aðalhús

Skráningartafla: Sandskeið 9-5 - Sumarhús
Landeignanúmer: L170642
Matshlutanúmer: 02
Skrásetjari: Trausti Hafsteinsson
Kennitala: 010166-3229
Dags.: 10.6.2022
Prenta
Útgáfa 5.00

Uppskipting og lýsing					Stærðir													
D0	D1	D2	D3	D4	D5	D5M	D6	D7	D8	D9	D10a	D10b	D11	D12	D13	D14	D15
Lokun	Rými hæð-róð	Notkun texti	Höfuð-flokkun	Eignar-hald	Bótafloturmf	Millifloturmf	Stigarmf	Opmf	Brúttófloturmf	Brúttóflotursh < 1,8	Salarhæðmin	Salarhæðmax	Brúttó rúmmál m³	Nettófloturmf	Birt flatarmálmf	Reiknisala skiptarúmmáls	Skipta-rúmmál m³
		Matshluti			35,3	0,0	0,0	0,0	35,3	0,0			101,8	30,1	35,3		80,668
		Botn											7,1				
	01	**1. Hæð**			35,3	0,0	0,0	0,0	35,3	0,0			64,7	30,1	35,3		
A	0101	**Gestahús**	N	0101	35,3				35,3		2,30	3,07	64,7	30,1	35,3	2,68	80,668

Athugasemdir

Sameignir sumra

Eignar-hald	Notkun texti	Y-eignarhald	Notkun texti	Rekni-regla	Eignarhlutur

Skiptarúmmál				
Eignar-hald	Notkun texti	Birt flatarmál m²	Séreign m² án sameignar	Séreign og sameign m²
0101	**Gestahús**	35,3	80,668	80,668
	Alls	**35,3**	80,668	**80,668**

ST Skráningartafla
1:1 Mhl. 02: Kalt gestahús

Verk	**Sandskeið 9 - 5 • Sumarhús** **Í landi Miðfells í Bláskógabyggð** **Grunnmyndir • Útlit** **Höfuðsnið 01 og 02** **Orkurammi • Skráningartöflur**		*Verk nr.* 2106
			Dagsetning 16. ágúst 2022
			Kvarði 1:100
Hannað TH	*Teiknað* TH	*Yfirfarið* TH	*Kemur í stað* / *Vikur fyrir*
Versa Verkfræðistofa	Ármúla 32 108 Reykjavík Sími: 534 2710 Gsm: 820 0511 Netfang: versa@versa.is		*Teikning nr.* **A02** *Útgáfa* **A**
Samþykkt	010166-3229	*Hönnunarstjóri*	010166-3229



Skýringar

Innmæling

- Teikning þessi sýnir nýlega innmælingu á óhreyfðu landi sem landeigandi lét framkvæma áður en hönnun hófst.
- Uppgefnar hæðir byggja á nálægu fastmerki Landmælinga Íslands í Ísnet 2004 hæðakerfinu.
- Almennt gildir að lóð er klædd þunnu gróðurlagi ofan á hraun, sums staðar er jarðvegur þó þykkari.
- Innmæling sýnir að talsverður og nokkuð skarpur hæðarmunur er í lóð nálægt fyrirhuguðu hússtæði.
- Almennt tekur hönnun mið af og aðlagar sig núverandi landhæðum, sbr. nánari skýringar hér fyrir neðan.

Aðalhönnun

- Götuhæð þar sem aðkeyrsla að húsi tengist inn á hana mælist G~113.30, hæð bílastæða framan húsa er valin 15cm neðar í K~113.15 eða u.þ.b. í innmældri hæð óhreyfðs lands. Núverandi jarðvegi í bílastæði og aðkeyrslu að henni verður skipt út fyrir frostfría fyllingu og malarlag efst.
- Rotþró er staðsett í dæld í lágpunkti lóðar milli húsa og götu. Þetta svæði verður svo jafnað og grasklætt yfir rotþró.
- Aðalhús er staðsett nálægt hápunkti lóðar sem er í K~115.15, gólfhæð er valin heldur ofar eða í GK=115.90.
- Kalt gestahús er staðsett nær götu þar sem óhreyfð landhæð er nálægt K~113.00, gólfhæð er einnig valin heldur ofar eða í GK=113.90.
- Almennt verður land næst húsum jafnað u.þ.b. hálfum meter neðan gólfhæða, grasklætt og aðlagað núverandi óhreyfðu landi. Rask á lóð verður eingöngu á þessum svæðum og á svæði frá húsum að götu. M.ö.o. verður meginhlutí lóðar látinn standa óhreyfður með núverandi gróðri.
- Sólpallur á tveimur hæðum með 1.1m háu handriði kemur vestan aðalhúss, efri pallur í K=115.85 (5cm undir gólfhæð) og neðri pallur tveimur þrepum neðar í K=115.55.
- Riflega tveggja metra hæðarmunur milli neðri sólpalls og bílastæðis er tekinn upp með klæddum vegg, klæðning sólpallaefni og aluzinkbára (sbr. klæðningu aðalhúss).
- Gangleið frá sólpalli niður á bílaplan er gegnum útitröppur með 1.1m háu handriði og millipalli. Staðsetning trappa er þar sem hæðarmunur í landi er einna skarpastur (fylgir óhreyfðu landi). Útfærsla er þægileg uppgöngu: uppstig 15cm, framstig 30cm, halli 27°.
- Vestan við kalt gestahús kemur lítill aðkomupallur og nokkur þrep (útfærsla eins og við aðalhús) niður á bílastæði.

Verk: **Sandskeið 9 - 5 • Sumarhús Í landi Miðfells í Bláskógabyggð**			Verk nr.: 2106
Innmæling: Óhreyft yfirborð			Dagsetning: 16. ágúst 2022
			Kvarði: 1:100
Hannað: **TH**	Teiknað: **TH**	Yfirfarið: **TH**	Kemur í stað / Víkur fyrir
Versa Verkfræðistofa — Ármúla 32, 108 Reykjavík, Sími: 534 2710, Gsm: 820 0511, Netfang: versa@versa.is			Teikning nr.: **A03** Útgáfa: **A**
Samþykkt: 010166-3229	Hönnunarstjóri: 010166-3229		